

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/11686
komudagur 24/4 1996

23. apríl 1996

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar

Frá: Stéttarfélagi lögfræðinga

Tillögur til breytinga á frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1. 2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Önnur störf skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni, enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra.

2. 2. másl. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Með hugtakinu “föst laun” í lögum þessum er átt við föst laun fyrir dagvinnu, ásamt viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

3. 2. mgr. 14. gr. falli brott.

4. 19. gr. orðist svo:

Skylt er starfsmanni að sæta breytingum á störfum sínum frá því er hann tók við starfi, enda sé ekki um breytingar á verksviði að ræða. Breytingarnar mega þó ekki hafa í för með sér skerðingu á launakjörum og réttindum.

5. Í 21. gr. komi í stað “getur forstöðumaður” komi “skal forstöðumaður”.

6. Í 30. gr. falli brott orðið “samfelldum”.

7. Á eftir 1. másl. 2. mgr. 46. gr. komi nýr másl. sem hljóði svo:

Tilkynna skal starfsmanni hvort framlengingu skuli beitt eigi síðar en mánuði frá upphafi uppsagnarfrests.

8. Í 49. gr. falli brott orðið “ekki”.

9. 53. gr. falli brott.

10. Í stað “1. júlí 1996” í 54. gr. komi “1. janúar 1997.”

11. Í 55. gr. bætist við nýr tölul. sem verði 4. tölul:

Lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Athugasemdir með tillögum Stéttarfélags lögfræðinga, dags. 23. apríl 1996.

1. Um 7. gr.

Þessi breyting er nauðsynleg til að tryggja að störf verði almennt auglýst. Verði breytingartillaga fjármálaráðuneytisins frá 19. apríl sl. að lögum fellur almenn auglýsingaskylda niður um önnur störf en þau sem sérmenntun þarf til. Það mun hafa í för með sér að kærumálum vegna meintra brota á jafnréttislögum fjölgar í tilvikum þar sem karlmenn verða ráðnir til starfa án auglýsingar.

2. Um 10. gr.

Upphaflegur texti frumvarpsins felur það í sér að hugtakið föst laun er skilgreint í samræmi við dómvenju og meginreglur í vinnurétti. Breyting fjármálaráðuneytisins hefur áhrif á 28. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. 35. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða til skerðingar. Hins vegar hefur verið gætt samræmis með því að breyta 3. mgr. 30. gr. Með breytingartillögu fjármálaráðuneytisins eru launakjör opinberra starfsmanna í veikindum, fæðingarorlofi og á starfslokátíma stórlega skert svo og biðlaun. Skerðing á réttindum kvenna í fæðingarorlofi er í andstöðu við yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar. Ekki verður séð að breyting þessi sé nauðsynleg vegna 6. mgr. 12. gr. laga um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna.

3. Um 14. gr.

Í 7. gr. stjórnarsýslulaga eru fyrir mæli um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda gagnvart almenningi.

Í greinargerð með frumvarpi til stjórnarsýslulaga segir svo um 7. gr.

“Í 7. gr. er fjallað um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Stjórnvaldi er þannig skylt að leiðbeina og aðstoða þá sem til þess leita um málefni sem eru á starfssviði þess.

Hægt er að veita upplýsingar bæði skriflega og munnlega. Upplýsingar geta verið almennar, t.d. í formi auglýsinga eða sérstakra bæklinga. Ávallt þarf þó að gefa aðilum einstaklingsbundnar leiðbeiningar sé eftir þeim leitað.

Veita ber leiðbeiningar um það hvaða réttarreglur gilda á viðkomandi sviði, hvernig meðferð mála er venulega hagað, hvaða gögn aðila ber að leggja fram, hversu langan tíma það tekur venjulega að afgreiða mál o.s.frv. Í reglunni felst m.a. að stjórnvöldum ber að leiðbeina og aðstoða menn við að fylla út eyðublöð sé um þau að ræða.

.....
Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er. Verði hins vegar ekki ráðið af erindinu hvert beri að framsenda það ber að endursenda það. Hafi aðili komið erindi sínu á framfæri munnlega og erindið á að lögum undir annað stjórnvald ber að leiðbeina aðila, eftir því sem tók eru á, um hvar hið rétta stjórnvald sé að finna svo að hann geti komið erindi sínu á framfæri milliliðalaust.”

Verði 2. mgr. 14. gr. frv. að lögum verður leiðbeiningarskylda starfsmanna ríkari heldur en stjórnvalds (embættis, stofnunar) sem þeir starfa hjá.

4. Um 19. gr.

Ákvæði 19. gr. frv. felur í sér að yfirmenn stofnana fá ríka heimild til að breyta einhliða ráðningarkjörum og verksviði starfsmanna. Með tilflutningi í starfi svo og skerðingu launa skv. kjarasamningi felst dulbúin brottvikningarheimild. Í slíkum tilflutningi getur falist valdníðsla, persónuleg óvild eða önnur ólögmæt sjónarmið án þess að starfsmanni sé gefinn kostur á, vegna ákvæða í 49. gr., að tala máli sínu eða skjóta ákvörðun til æðra stjórnvalds. Þá er vakin athygli á því að starfsmaður sem verður fyrir **kynferðislegri áreitni** af hálfu yfirmanns er varnarlaus gagnvart beitingu þessa ákvæðis.

5. Um 21. gr.

Lagt er til að ávallt beri að veita starfsmanni áminningu þegar um er að ræða ávirðingar þær sem getur um í 21. gr. frv. Er það í samræmi við þær breytingar sem fjármálaráðuneytið hefur gert á 26. og 44. gr. frumvarpsins.

6. Um 30. gr.

Breyting þessi er nauðsynleg til að tryggja réttindi starfsmanna sem fara í launalaust leyfi, s.s. námsleyfi, fæðingarorlof eða af öðrum ástæðum.

7. Um 46. gr.

Ósanngjarnt þykir að starfsmaður þurfi að velkjast í vafa um hvort hann geti ráðið sig til annarra starfa að loknum venjulegum uppsagnarfresti. Ef fjöldauppsagnir eru liður í kjarabaráttu hóps starfsmanna, er unnt að bregðast við innan mánaðar frá því að forstöðumanni berast tilkynningar um uppsögn. Tímafresturinn sem lagt er til að komi inn í 46. gr. felur í sér hvatningu til að aðilar hefji sem fyrst viðræður um hugsanleg ágreiningsmál.

8. Um 49. gr.

Með setningu stjórnarsýslulaga árið 1993 var brotið blað í samskiptum almennings og hins opinbera. Löggin hafa stuðlað að skilvirkari og málefnalegri afgreiðslu stjórnvalda á erindum þeim sem tekin eru til meðferðar. Verði 49. gr. frv. að lögum er verið að svipta 25.000 manns þeim grundvallarréttindum sem lögfest hafa verið með stjórnarsýslulögunum. Þvert á móti er nauðsynlegt að taka hér af allan vafa um að opinberir starfsmenn njóti ekki síðri réttar til málefnalegar meðferðar hjá stjórnvöldum en hinn almenni þegn þessa lands.

9. Um 53. gr.

Eitt af yfirlýstum markmiðum frv. er að færa réttarstöðu opinberra starfsmanna til jafns við það sem gerist á almennum vinnumarkaði. Ákvæði 53. gr. er ekki liður í þeirri viðleitni. Í frv. að öðru leyti felast nægar heimildir til að taka á brotum embættismanna í starfi.

10. Um 54. gr.

Rétt þykir að stjórnvöld fái nokkurn aðlögunartíma áður en ákvæði frumvarps þess, ef af lögum verður, taka gildi. Jafnframt þarf að kynna efni laganna fyrir forstöðumönnum og starfsmönnum. Af þeim sökum er eðlilegt að löggin öðlist fyrst gildi 1. janúar 1997.

11. Um 55. gr.

Ekki þykir þörf á að rökstyðja þessa breytingu sérstaklega. Svo mikil bylting hefur orðið á réttarstöðu opinberra starfsmanna frá árinu 1915 að löggin hafa dagað uppi.